

AUGLÝSING

207

10. nóv.

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 59 7. júní 1937.

1. gr.

Úr 1. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar falli niður orðin: „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 8 síðdegis“.

3. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á föstudögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 8 síðdegis, en á laugardögum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 7 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

208

13. nóv.

um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Frá þessum degi og þangað til öðruvisi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, né erlent smjörlíki, sem flutt kynni að verða til landsins, smjöri.

Auglýsing dags. 13. september 1938 um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

209

15. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 15 8. marz 1937.

Í B-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi í stað „25 aura“ 30 aura.

Í C-lið sömu greinar komi í stað „7 aura“ 8 aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.